

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/19/EB

frá 18. apríl 1997

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/221/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/221/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/333/EBE ⁽²⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 70/221/EBE er ein sértilskipana sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB ⁽⁴⁾. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, sem varða kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga einnig við um tilskipun 70/221/EBE.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli ásamt gerðarviðurkenningarvottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun í því skyni að koma á tölvskráningu gerðarviðurkenninga.

Þær breytingar, sem hér um ræðir, eiga aðeins við um stjórnslufyrirmæli í tilskipun 70/221/EBE; af þeim sökum ber hvorki að fella úr gildi núgildandi viðurkenningar sam-

kvæmt tilskipun 70/221/EBE né koma í veg fyrir að ný ökutæki, sem þess konar viðurkenningar gilda um, verði skráð, seld eða tekin í notkun.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum, en henni var komið á fót með tilskipun 70/156/EBE,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 70/221/EBE:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„*I. gr.*

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum, sem eru hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og öllum hreyfanlegum vélbúnaði.“;

2. 2. gr. breytist sem hér segir:

a) Í 2. mgr., í stað: „í skilningi 9. gr. a tilskipunar 70/156/EBE og sem sett hefur verið upp í samræmi við kröfur liðar II.5 í viðaukanum.“, komi: „í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE og sem sett hefur verið upp í samræmi við kröfur 5. liðar II. viðauka.“

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 76, 6. 4. 1970, bls. 23.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 131, 18. 5. 1981, bls. 4.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 7.

- b) Í 3. mgr., í stað: „í skilningi 9. gr. a tilskipunar 70/156/EBE, uppfyllir viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í viðaukanum“, komi: „í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE, uppfyllir viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í II. viðauka“.

3. 2. gr. a breytist sem hér segir:

- a) Í 2. mgr., í stað: „í skilningi 9. gr. a tilskipunar 70/156/EBE og sem sett hefur verið upp í samræmi við kröfur liðar II.5 í viðaukanum“, komi: „í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE, uppfyllir viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í 5. lið II. viðauka“.

- b) Í 3. mgr. komi „2. gr.“ í stað „9. gr. a“.

4. Í 2. gr. b komi: „liðum 2.1 og 2.2 í II. viðauka“ í stað: „liðum II.2.1 og II.2.2. í viðaukanum“.

5. Í 3. gr. komi: „í I. viðauka“ í stað: „undir lið I“.

6. Viðaukinn við þessa tilskipun komi í stað viðaukans.

2. gr.

Frá og með 1. október 1997:

— skulu aðildarríkin hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. eða, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, og

— er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu,

fyrir nýja gerð ökutækis af ástæðum sem varða eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn eða fyrir nýja gerð undiraksturvarnarbúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar, sé hún ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/221/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

Með þessari tilskipun eru engar áður veittar viðurkenningar, samkvæmt tilskipun 70/221/EBE, felldar úr gildi né komið í veg fyrir rýmkun slíkra viðurkenninga samkvæmt skilmálum þeirrar tilskipunar sem þær voru upphaflega veittar samkvæmt.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnislyfyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál efni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. apríl 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. viðauki: Eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti

- 1. viðbætur:* Upplýsingaskjal
- 2. viðbætur:* Gerðarviðurkenningarvottorð

II. viðauki: Undirakstursvörn

- 1. viðbætur:* Upplýsingaskjal (ökutæki)
- 2. viðbætur:* Upplýsingaskjal (aðskilin tæknieining)
- 3. viðbætur:* Gerðarviðurkenningarvottorð (ökutæki)
- 4. viðbætur:* Gerðarviðurkenningarvottorð (aðskilin tæknieining)
- 5. viðbætur:* Gerðarviðurkenningarmerki

I. VIÐAUKI

ELDSNEYTISGEYMAR FYRIR FLJÓTANDI ELDSNEYTI

1. GILDISSVIÐ
 - 1.1. Viðauki þessi gildir um ökutæki sem tilskipun 70/156/EBE tekur til.
2. SKILGREININGAR

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

 - 2.1. „Gerð ökutækis hvað varðar eldsneytisgeyma“: ökutæki sem eru ekki verulega frábrugðin hvert öðru með tilliti til:
 - 2.1.1. gerðar, lögunar, mála og smíðaðfnis geymisins eða geymanna;
 - 2.1.2. staðsetningar geymisins eða geymanna í ökutækinu (hægri og/eða vinstri, að framan, aftan, fyrir miðju).
 - 2.2. „Geymir“: geymir eða geymar fyrir fljótandi eldsneyti samkvæmt skilgreiningunni í lið 2.3., einkum ætlað til að knýja ökutækið og að frátöldum aukabúnaði (t.d. aðleiðslu (ef hún er sjálfstæð eining), opi, loki, mæli, leiðslum að hreyflinum eða til þess að jafna þrýsting, o.s.frv.).
 - 2.3. „Fljótandi eldsneyti“: eldsneyti sem er fljótandi við venjuleg umhverfisskilyrði.
3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU
 - 3.1. Framleiðandi skal sækja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki hvað varðar eldsneytisgeyma þess í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
 - 3.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjali er að finna í 1. viðbæti.
 - 3.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:
 - 3.3.1. Dæmigert ökutæki fyrir gerðina, sem á að viðurkenna, eða þá íhluta ökutækisins sem tækniþjónustan telur þurfa til gerðarviðurkenningarprófana.
4. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR
 - 4.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
 - 4.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningavottorðinu er að finna í 2. viðbæti.
 - 4.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.
5. FORSKRIFTIR
 - 5.1. Eldsneytisgeymar verða að vera tæringarþolnir. Þeir þurfa að standast lekaprófanir, sem framleiðandi annast, við þrýsting sem jafngildir tvöföldum vinnuþrýstingi, þó aldrei við minni þrýsting en 1,3 bör. Allan umframþrýsting eða þrýsting, sem fer yfir vinnuþrýsting, þarf að jafna sjálfvirkt með hentugum búnaði (útrásam, öryggislokum, o.s.frv.) Útrásirnar þarf að hanna þannig að þær komi í veg fyrir eldhættu. Eldsneytið má ekki komast út um lok eldsneytisgeymisins eða í gegnum þann búnað sem á að jafna umframþrýsting jafnvel þótt geymirinn snúist á hvolf. Leyfilegt er að dropi úr geyminum.

- 5.2. Eldsneytisgeymum ber að koma þannig fyrir að þeir séu varðir fyrir afleiðingum af höggum á fram-
eða afturhluta ökutækisins. Engir útstæðir hlutar, skarpar brúnir o.þ.h. skulu vera nálægt geymunum.
6. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGUM
- 6.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar um er að ræða lagfæringar á gerð sem er viðurkennd
samkvæmt þessari tilskipun.
7. SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU
- 7.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar
70/156/EBE.
-

1. viðbætur

UPPLÝSINGASKJAL nr....

í samræmi við I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE(*) sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til eldsneytisgeyma þess fyrir fljótandi eldsneyti

(Tilskipun 70/221/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu^(b)):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennis:
- 0.4. Ökutækjaflokkur^(c):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki (aðeins ólíkar útfærslur yfirbyggingar):
3. HREYFILL ^(d)
- 3.2.2. Eldsneyti: dísilolía/bensín/LPG/annað⁽¹⁾
- 3.2.3 Eldsneytisgeymir eða -geymar
- 3.2.3.1. Aðaleldsneytisgeymir eða -geymar
- 3.2.3.1.1. Fjöldi, rúmtak, efni:
- 3.2.3.1.2. Teikning af geymi eða geymum og tæknilysingar ásamt öllum tengingum og línnum inn- og útstreymiskerfis, lásnum, lokum og festibúnaði:
-
- 3.2.3.1.3. Teikning sem sýnir greinilega staðsetningu geymisins eða geymanna í ökutækinu:
- 3.2.3.2. Varaeldsneytisgeymir eða -geymar:
- 3.2.3.2.1. Fjöldi, rúmtak, efni:
- 3.2.3.2.2. Teikning af geymi eða geymum og tæknilysingar ásamt öllum tengingum og línnum inn- og útstreymiskerfis, lásnum, lokum og festibúnaði:
-
- 3.2.3.2.3. Teikning sem sýnir greinilega staðsetningu geymisins eða geymanna í ökutækinu:
-
- (Dagsetning, skrá)

(*) Númer liða og neðanmálgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

(¹) Stríkið yfir það sem ekki á við.

2. viðbætur

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalda

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu⁽¹⁾
- rýmkun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- synjun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- afturköllun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun .../.../EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾(²):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾(³):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót

6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

(¹) Strikið yfir það sem á ekki við.

(²) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta vottorð um gerðarviðurkenningu nær til skal setja spurningamerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

(³) Í samræmi við skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningavottorð nr. ...

varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun 70/221/EBE (um eldsneytisgeyma), eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB

1. Viðbótarupplýsingar
- 1.1. Smíðaeefni:
- 1.2. Rúmtak:
- 1.3. Staðsetning(ar):
- 1.4. Eldsneyti: dísilolía/bensín/annað(¹)
5. Athugasemdir:

(¹) Strikið yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

UNDIRAKSTURSVÖRN AÐ AFTAN

1. ALMENNT

Ökutæki, sem tilskipun þessi tekur til, skulu hönnuð á þann veg að á þeim sé skilvirk vörn gegn undirakstri ökutækja úr flokkunum M₁ og N₁ að aftan ⁽¹⁾.

2. SKILGREININGAR

2.1. Gerð ökutækis fyrir undirakstursvörn að aftan

Með hugtakinu „gerð ökutækis fyrir undirakstursvörn að aftan“ er átt við ökutæki sem eru eins að því er tekur til eftirfarandi eiginleika:

2.1.1. breiddar aftari áss, byggingar, stærðar, lögunar og efna í aftari hluta ökutækisins að svo miklu leyti sem þau hafa áhrif á kröfur í liðum 5.1 til 5.4.5.5;

2.1.2. eiginleika fjöðrunar að svo miklu leyti sem þeir hafa áhrif á kröfur í liðum 5.1 til 5.4.5.5.

2.1.3. gerðar undirakstursvarnarbúnaðar að aftan, þar sem við á.

2.2. Gerð undirakstursvarnarbúnaðar að aftan

Með hugtakinu „gerð undirakstursvarnarbúnaðar að aftan“ er átt við búnað sem er eins að því er tekur til eftirfarandi eiginleika:

2.2.1. lögunar,

2.2.2. stærða,

2.2.3. tenginga,

2.2.4. efna.

3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU

3.1. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis.

3.1.1. Framleiðanda ber að leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis vegna undirakstursvarnar að aftan samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

3.1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.

3.1.3. Látta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té dæmigert ökutæki fyrir þá gerð sem viðurkenna á.

3.2. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á búnaði til undirakstursvarnar að aftan sem telst vera aðskilin tæknieining.

3.2.1. Framleiðandi ökutækisins eða framleiðandi undirakstursvarnarinnar skulu leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE á búnaði til undirakstursvarnar að aftan sem telst vera aðskilin tæknieining í skilningi 2. gr. téðrar tilskipunar.

3.2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 2. viðbæti.

3.2.3. Látta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té sýnishorn af gerð undirakstursvarnarbúnaðarins. Ef tækniþjónustan telur það nauðsynlegt er henni heimilt að óska fleiri sýnishorna. Sýnishornin skulu greinilega og óafmáanlega merkt með viðskiptaheiti umsækjanda eða auðkenni, svo og tegundarheiti.

⁽¹⁾ Eins og þau eru skilgreind í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156 EBE.

4. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR
- 4.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
- 4.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningavottorði er að finna í:
- 4.2.1. 3. viðbæti vegna umsókna sem um getur í lið 3.1; og
- 4.2.2. 4. viðbæti vegna umsókna sem um getur í lið 3.2.
- 4.3. Hverri gerð ökutækis eða undirakstursvarnarbúnaðar, sem fær viðurkenningu er úthlutað viðurkenningarnúmeri í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Aðildarríki má ekki úthluta sama númeri fyrir aðra gerð ökutækis eða undirakstursvarnarbúnaðar að aftan.
5. FORSKRIFTIR
- 5.1. Öll ökutæki skulu smíðuð og/eða útbúin á þann veg að skilvirk vörn sé eftir fullri breidd þeirra gegn undirakstri ökutækja úr flokkunum M_1 og N_1 ⁽¹⁾ að aftan.
- 5.2. Sérhvert ökutæki í flokki M_1 , M_2 , M_3 , N_1 , O_1 eða O_2 ⁽¹⁾ skal teljast uppfylla skilyrði sem um getur í lið 5.1:
- ef það fullnægir skilyrðum sem um getur í lið 5.3, eða
 - hæð aftari hluta óhlaðins ökutækis frá jörðu er ekki meira en 55 cm yfir breidd sem er ekki meira en 10 cm minni hvorum megin en aftari ás (að frátalinni bungu á hjólbörðum nærri jörðu).
- Ef um er að ræða fleiri en einn afturás skal miða við þann sem breiðastur er.
- Þessi krafa skal að minnsta kosti uppfyllt á línu sem er mest í 45 cm fjarlægð frá aftasta hluta ökutækisins.
- 5.3. Öll ökutæki í flokkunum N_2 , N_3 , O_3 eða O_4 ⁽¹⁾ teljast fullnægja skilyrði sem um getur í lið 5.1 að því tilskildu að:
- ökutækið sé búið sérstökum undiraksturvarnarbúnaði að aftan í samræmi við kröfur í lið II.5.4, eða
 - ökutækið sé hannað og/eða útbúið á þann veg að aftan að, vegna lögunar sinnar og eiginleika, komi íhlutar þess í staðinn fyrir undiraksturvarnarbúnað að aftan. Íhlutar, sem til samans uppfylla kröfur, sem um getur í lið 5.4, teljast mynda undiraksturvarnarbúnað að aftan.
- 5.4. Búnaður til undirakstursvarnar að aftan, hér kallaður „búnaður“, samanstendur að öllu jöfnu af þverbita og tengihlutum sem tengdir eru við langbita undirvagns eða það sem er í stað þeirra.
- Hann skal hafa eftirfarandi eiginleika:
- 5.4.1. búnaðurinn skal festur eins nærri afturenda ökutækisins og hægt er. Ef ökutækið er óhlaðið ⁽²⁾ skal lægri brún búnaðarins hvergi vera meira en 55 cm frá jörðu;
- 5.4.2. breidd búnaðarins skal hvergi vera meiri en breidd aftari áss frá ystu punktum hjólanna, að frátalinni bungu á hjólbörðum nærri jörðu, né skal hann vera meira en 10 cm styttri á hvorri hlið. Ef er að ræða fleiri en einn aftari ás skal miða við þann sem breiðastur er;
- 5.4.3. hæð þversniðs þverbitans skal ekki vera minni en 10 cm. Ekki skal vera beygja í átt að afturhluta ökutækisins á hliðum þverbitans og þær skulu ekki hafa skarpar ytri brúnir; þetta skilyrði telst uppfyllt ef hliðar þverbitans eru ávalar hið ytra og hafa bogferil sem er ekki minni en 2,5 mm;
- 5.4.4. heimilt er að hanna búnaðinn á þann veg að unnt sé að breyta stöðu hans í afturhluta ökutækisins. Ef svo er gert skal vera trygg aðferð til að festa hann í notkunarstöðu þannig að engin hætta sé á að hann færirst úr henni án þess að til þess sé ætlast. Stjórnandi skal geta breytt stöðu búnaðarins með því að beita krafti sem er ekki meira en 40 daN;

⁽¹⁾ Eins og þau eru skilgreind í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

⁽²⁾ Eins og þau eru skilgreind í lið 2.6 í 1. viðbæti.

- 5.4.5. búnaðurinn skal veita kröftum sem verka langsum eftir áslínu ökutækisins nægilega mótstöðu og vera tengdur við langbita undirvagns eða það sem er í stað þeirra í notkunarstöðu.
- Þessi krafa telst uppfyllt ef sýnt er fram á að fjarlægð milli afturhluta búnaðarins og aftasta hluta ökutækisins sé ekki meiri en 40 cm á neinum af punktum P1, P2 og P3 á meðan og eftir að búnaðurinn er settur á. Þegar þessi fjarlægð er mæld skal skilja undan þá hluta sem eru í meira en 3 m hæð frá jörðu þegar ökutækið er óhlaðið;
- 5.4.5.1. punktarnir P1 eru 30 cm frá langsum snertifleti ytra byrðis hjóla aftari áss; punktarnir P2, sem eru á línu sem tengir punktana P1, eru samhliða miðfleti ökutækisins langsum í 70 til og með 100 cm fjarlægð frá hvor öðrum en nákvæma staðsetningu þeirra ákveður framleiðandi. Hæð punktanna P1 og P2 frá jörðu skal framleiðandi ökutækisins skilgreina innan þeirra marka sem láréttar línur búnaðarins afmarka. Hæðin skal hins vegar ekki vera meiri en 60 cm í óhlaðnu ökutæki. P3 er miðpunktur beinnar línu sem tengir punktana P2;
- 5.4.5.2. beita skal láréttum krafti, jöfnum 12,5% af tæknilegri hámarksþyngd ökutækisins en þó ekki meiri en $2,5 \times 10^4$ N, stöðugt á báða punktana P1 og punktinn P3;
- 5.4.5.3. beita skal láréttum krafti, jöfnum 50% af tæknilegri hámarksþyngd ökutækisins en þó ekki meiri en 10×10^4 N, stöðugt á báða punktana P2;
- 5.4.5.4. kröftunum, sem skilgreindir eru í liðum 5.4.5.2 og 5.4.5.3 hér að framan, skal beitt sínum í hvoru lagi og getur framleiðandi ráðið því í hvaða röð þetta er gert;
- 5.4.5.5. þegar framkvæmdir eru prófanir til að ganga úr skugga um samræmi við áðurnefndar kröfur skulu eftirfarandi skilyrði ætíð uppfyllt:
- 5.4.5.5.1. búnaðurinn skal vera tengdur við langbita undirvagns eða það sem er í stað þeirra;
- 5.4.5.5.2. tilgreindum kröftum skal beitt með bullum með hentugri liðskiptingu (t.d. með hjöruliðum) og skulu vera samhliða miðfleti ökutækisins langsum á fleti sem er ekki meira en 25 cm að hæð (nákvæma hæð skal framleiðandi tilgreina) og 20 cm breiður, með bogferil lóðréttra brúna $5 \text{ mm} \pm 1 \text{ mm}$; miðja flatarins skal sett á punktana P1, P2 og P3, hverja á fætur öðrum.
- 5.5. Þrátt fyrir undanfarandi kröfur þurfa ökutæki af eftirfarandi gerðum ekki að uppfylla kröfurnar í þessum viðauka hvað varðar undirakstursvörn að aftan:
- dráttarþreifreiðar fyrir festivagna;
 - undirhengdir eftirvagnar eða annars konar eftirvagnar sem ætlaðir eru til flutninga á trjábolum eða öðrum mjög löngum hlutum;
 - ökutæki sem er ekki hægt að setja undirakstursvörn á vegna fyrirhugaðrar notkunar þeirra.
6. EB-GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI
- 6.1. Allur undirakstursvarnarbúnaður að aftan, sem samrýmist gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun sem aðskilin tæknieining, skal hafa EB-gerðarviðurkenningarmerki.
- 6.2. Þetta merki skal vera réttthyrmingur utan um bókstafinn „e“ og skal auðkennandi númer eða bókstafir aðildarríkisins, sem veitti gerðarviðurkenninguna, fylgja:
- | | |
|------------------------------|---------------------|
| 1 fyrir Þýskaland | 12 fyrir Austurríki |
| 2 fyrir Frakkland | 13 fyrir Lúxemborg |
| 3 fyrir Ítalíu | 17 fyrir Finnland |
| 4 fyrir Holland | 18 fyrir Danmörk |
| 5 fyrir Svíþjóð | 21 fyrir Portúgal |
| 6 fyrir Belgíu | 23 fyrir Grikkland |
| 9 fyrir Spán | IRL fyrir Írland. |
| 11 fyrir Breska konungsríkið | |

„Grunnviðurkenningarnúmerið“, sem er í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, er sett nálægt réttthyrningnum og þar fyrir framan tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu verulegu tæknibreytingar á tilskipun 70/221/EBE þann dag sem EB-gerðarviðurkenning var veitt. Í þessari tilskipun er raðnúmerið „00“;

- 6.3. EB-gerðarviðurkenningamerkið skal fest á undirakstursvarnarbúnaðinn með þeim hætti að það sé óafmáanlegt og auðlæsilegt, jafnvel þótt búnaðurinn hafi verið festur á ökutæki.
- 6.4. Sýnishorn af EB-gerðarviðurkenningamerkinu er að finna í 5. viðbæti.
7. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGUM
- 7.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar um er að ræða lagfæringar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.
8. SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU
- 8.1. Almennt ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

1. viðbætur

UPPLÝSINGASKJAL nr...

samkvæmt I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE(*) sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til undirakstursvarnar*(Tilskipun 70/221/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)*

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu^(b)):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennis:
- 0.4. Ökutækjaflokkur^(c)):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
- 1.5. Efni í langbitum^(d)):
2. MASSAR OG MÁL^(e)
- (í kg og mm) (sjá teikningu þar sem við á)
- 2.3.3. Breidd breiðasta afturáss:
- 2.4. Stærðamörk ökutækis (heildar)
- 2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar
- 2.4.1.2. Breidd^(k)):
- 2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu
- 2.4.2.2. Breidd^(k)):
- 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu, og með tengibúnaði ef um dráttarbífreið er að ræða í öðrum flokki en M₁, tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með kælivökva, olfu, eldsneyti, öllum öðrum vökvum nema frárennslisvatni, áhöldum, varahjóli og ökumanni og, ef um er að ræða hópþífirreiðar og langferðabífreiðar, massa starfsmanns í bifreiðinni (75 kg) ef sæti er í ökutækinu fyrir starfsmann^(o)) (hámark og lágmark fyrir hvora gerð):
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilkynnt hann^(y) (hámark og lágmark):

(*) Númer liða og neðanmálgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar: (*)
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir: (*)
- 9.15. Undirakstursvörn að aftan
- 9.15.1. Teikning af þeim hlutum ökutækisins sem skipta máli varðandi undirakstursvörnina að aftan, þ.e. teikning af ökutækinu og/eða undirvagni ásamt staðsetningu og festingu aftasta áss, teikning af festingunni og/eða festingum undirakstursvarnarinnar að aftan. Ef undirakstursvörnin er ekki sérstakur búnaður skal sjást greinilega á teikningunni að stærðir séu í samræmi við það sem krafist er:
- 9.15.2. Nú er undirakstursvörnin sérstakur búnaður og skal þá fylgja ítarleg lýsing og/eða teikning af henni (að festingum meðtöldum) eða gerðarviðurkenningarnúmer hafi hún fengið viðurkenningu sem aðskilin tæknieining:

.....
(Dagsetning, skrá)

(*) Ef við á þegar hluti yfirbyggingarinnar myndar hluta undirakstursvarnarinnar að aftan.

2. viðbætur

UPPLÝSINGASKJAL nr...

um EB-gerðarviðurkenningu undirakstursvarnar að aftan sem aðskilinnar tæknieiningar

(Tilskipun 70/221/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og festing EB-gerðarviðurkenningarkerkis, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðu eða -verksmiðu:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS EÐA ÖKUTÆKJANNA, sem búnaðurinn verður festur á, með tilliti til undirakstursvarnar að aftan (ljósmyndir og/eða teikningar fylgi):
- 1.1. Minnsta samanlögð hverfitregða um láréttan ás langbita undirvagns í þversniði:
- 1.2. Fjarlægð milli langbita undirvagns þar sem búnaðurinn er festur:
2. MASSAR OG MÁL
- 2.1. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu
3. YFIRBYGGING
- 3.1. Ítarleg lýsing og/eða teikning af undirakstursvarnarbúnaði (að festingum meðtöldum)

.....
(Dagsetning, skrá)

3. viðbætur

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalda

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu⁽¹⁾
- rýmkun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- synjun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- afturköllun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun .../.../EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾⁽²⁾:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾⁽³⁾:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

- 1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót
- 2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
- 3. Dagsetning prófunarskýrslu:
- 4. Númer prófunarskýrslu:
- 5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót

6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

(¹) Strikið yfir það sem á ekki við.

(²) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, hluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta vottorð um gerðarviðurkenningu nær til skal setja spurningamerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

(³) Í samræmi við skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningavottorð nr. ...

*varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til undirakstursvarnarbúnaðar
(Tilskipun 70/221/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)*

1. Viðbótarupplýsingar
 - 1.1. Ökutækjaflokkur:
 - 1.2. Ökutækið er ekki búíð undirakstursvarnarbúnaði að aftan(¹)
 - 1.3. Ökutækið er búíð undirakstursvarnarbúnaði að aftan(¹)
 - fjarlægð frá jörðu og frá aftasta hluta ökutækisins:
 - viðurkenningamerki:
 - 1.3.2. Búnaðurinn hefur ekki verið viðurkenndur sem aðskilin tæknieining(¹)
 - breidd, dýpt þversniðs, fjarlægð frá jörðu og frá aftasta hluta ökutækisins:
 - áfestingaraðferð:
5. Athugasemdir:

(¹) Strikið yfir það sem á ekki við.

4. viðbætur

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalda

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu⁽¹⁾
- rýmkun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- synjun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- afturköllun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun .../.../EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾(²):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾(³):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót
2. Tæknipjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót

6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

(¹) Strikið yfir það sem á ekki við.

(²) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta vottorð um gerðarviðurkenningu nær til skal setja spurningamerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

(³) Í samræmi við skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningavottorð nr. ...

varðandi gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar með tilliti til undirakstursvarnarbúnaðar að aftan

(Tilskipun 70/221/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)

1. Viðbótarupplýsingar
 - 1.1. Bygging
 - 1.1.1. Efni:
 - 1.1.2. Áfestingaraðferð:
 - 1.1.3. Mál búnaðar:
 - 1.2. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis sem búnaðurinn verður festur á:
 - 1.3. Takmarkanir við notkun búnaðarins (ef við á)
5. Athugasemdir:

*5. viðbætur***Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarmerki**

Undirakstursvörnin að aftan með EB-gerðarviðurkenningarmerkinu hér að framan er búnaður sem hefur verið viðurkenndur á Spáni (e 9) undir grunnviðurkenningarnúmerinu 0148 á grundvelli þessarar tilskipunar.

Tölustafirnir eru aðeins til leiðbeiningar.
